



Selfossi 7. september 2016

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**8. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn miðvikudaginn 7. september 2016,  
kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Eyþór H. Ólafsson,  
Jón Valgeirsson, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg  
Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð. Ásta Stefánsdóttir boðaði forföll**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. 8 mánaða uppgjör launa og 7 mánaða uppgjör**

Pétur kynnti 8 mánaða uppgjör launa og 7 mánaða uppgjör rekstrar.

Í ljósi stöðu BÁ telur stjórn að gera þurf viðauka við fjárhagsáætlun 2016 til að mæta kostnaði við starfslokasamning og launaleiðréttigar vegna kjarasamnings, samtals 28 milljónir. Ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í áætlun vegna 2016.

### **2. Stofnun innlásnsreiknings**

Pétur óskaði eftir að stofnaður yrði nýr innlásnsreikningur til að halda utan um fjármuni í tengslum við byggingu á nýrri slökkvistöð í Árnesi. Stjórn undirritar umsókn og prókúru.

### **3. Ný slökkvibifreið**

Pétur sagði frá þörf fyrir kaupum á nýjum dælubíl. Málinu vísað til gerðar framkvæmdaáætlunar BÁ og umræðu um fjárhagsáætlun 2017.

### **4. Staða mála í kaupum á tankbílum**

Pétur fór yfir stöðu mála í kaupum á tankbílum fyrir BÁ. Gert er ráð fyrir að þeir verði afhentir í nóvember.

### **5. Framkvæmdaáætlun 2016**

Farið yfir framkvæmdaáætlun 2016. Framkvæmdaáætlun fyrir 2017 verður lögð fram á næsta fundi.

### **6. Útkallstölfraði 2016**

Pétur fór yfir útkallstölfraði 2016 í samanburði við fyrrihluta árs 2015. Heildarfjöldi útkalla á stöðvar á fyrrihluta árs 2015 var 83 á móti 92 á fyrrihluta árs 2016.

*[Handwritten signatures and initials]*

## 7. Önnur mál

Næstu fundir verða þriðjudaginn 20. september kl. 8:15 og miðvikudaginn 28. september kl. 8:15

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið kl. 9:45

Frá  
P.P.  
Kris  
Jón S. Þóresson  
Unnabjörn Guðmundsd.  
Pétur Pétursson  
Hans Ólafur